

Mánudaginn 24. febrúar 1941.

Nr. 2/1941. **Steindór Einarsson**

gegn

Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings um greiðslu kaups fyrir veikindadaga. Meðlim stéttarfélags talið óheimilt, án samþykkis félags síns, að gefa atvinnurekanda eftir nokkuð af rétti sínum samkvæmt kjarasamningi milli atvinnurekandans og stéttarfélagsins.

Dómur félagsdóms.

Í marzmánuði 1939 gerðu Steindór Einarsson, bifreiðaeigandi, og helztu fólksbifreiðastöðvarnar í Reykjavík annars vegar og bifreiðastjórafélagið Hreyfill hins vegar, samning sín á milli um kaup og kjör bifreiðarstjóra. Í 13. gr. samnings þessa er ákvæði þess efnis, að gerðardómur skuli skera úr ágreiningi, er rísa kunni milli samningsaðilja út af samningnum. Enn fremur er svo kveðið á í nefndri grein, að úrskurði gerðardómsins megi skjóta til félagsdóms. Í janúarmánuði 1940 reis ágreiningur milli aðilja máls þessa út af nefndum samningi. Fjallaði gerðardómur um þann ágreining, eins og tilskilið var í samningnum, og kvað hann upp úrskurð í málinu 18. sept. f. á. Stefnandi máls þessa, Steindór Einarsson, vildi ekki una þeim úrskurði, og hefur hann skotið honum hér fyrir dóm með stefnu, dags. 12. þ. m. Gerir hann þær kröfur hér fyrir dómi, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda, þeim, er hann hafði uppi fyrir gerðardóminum, og að stefndi hér fyrir dómi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir gerðardóminum og félagsdómi eftir mati réttarins.

Stefndi, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, hefur hins vegar krafizt þess, að allar kröfur hans fyrir gerðardóminum verði teknar til greina og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir gerðardómi og félagsdómi eftir mati dómsins.

Málsaðiljar eru sammála um það, að dæmt verði um upphæð kröfunnar hér fyrir dómi, enda eru þeir sammála um hana, og einnig að hér verði dæmt um skiptingu á greiðslu kostnaðar við gerðardóminn og málskostnað fyrir honum.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins

áfrýjaða úrskurðar, eins og frá þeim er gengið af meiri hluta gerðardómsins, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 100.00 í málskostnað fyrir félagsdómi.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Stefnandi, Steindór Einarsson, greiði stefnda, Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli, kr. 100.00 í málskostnað fyrir félagsdómi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður gerðardóms 18. sept. 1940.

Í marz mánuði 1939 gerði Steindór Einarsson, bifreiðaeigandi, og helztu fólksbifreiðastöðvar hér í bænum annars vegar og bifreiðastjórafélagið Hreyfill hins vegar, með sér samning um kaup og kjör bifreiðarstjóra. Skyldi samningur þessi gilda frá 1. marz 1939 til 1. marz s. l. og framlengjast af sjálfu sér um 1 ár í senn, væri honum ekki sagt upp skriflega af hálfu annars hvors aðilja með þriggja mánaða fyrirvara. Í 13. gr. samnings þessa er svo ákveðið, að ágreiningur milli aðilja út af samningnum eða einstökum atriðum hans skuli lagður í gerð þriggja manna, og gerðardómurinn vera skipaður þannig, að bifreiðastöðvaeigendur tilnefni 1 mann í dóminn, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill annan og lögmaðurinn í Reykjavík þann þriðja.

Milli Steindórs Einarssonar bifreiðaeiganda og Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils hefur nú risið ágreiningur um skilning á ákvæðum 2. gr. fyrrgreinds samnings, og hefur það leitt til þess, að ágreiningurinn hefur verið lagður undir úrskurð gerðardóms. Í gerðardóminum eiga sæti Guðmundur Í. Guðmundsson, hrm., tilnefndur af Steindóri Einarssyni, Bergsteinn Guðjónsson, bifreiðarstjóri, tilnefndur af Hreyfli, og Ísleifur Árnason, prófessor, útnefndur af lögmanninum í Reykjavík sem oddamaður.

Aðiljar hafa flutt málið fyrir gerðardóminum og skýrt það hvor frá sinni hlið eftir því sem þeir hafa óskað, og hefur það síðan með samkomulagi verið lagt undir úrskurð gerðardómsins.

Fyrir gerðardóminum hefur sækjandi, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill, gert þær kröfur, að Steindór Einarsson verði skyldaður til þess að greiða því vegna Sigurgrims Ólafssonar, bifreiðarstjóra, kr. 170.00 með 5% ársvöxtum frá 6. sept. þ. á. til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað fyrir gerðardóminum, svo og allan kostnað við gerðardóminn.

Kveður sækjandi hina umkröfðu upphæð vera vangoldið kaup fyrrnefnds bifreiðarstjóra hjá stefnda fyrir 14 veikindadaga í ágúst og september f. á. Málavexti kveður hann þá, að nefndur Sigurgrímur, sem unnið hafi árum saman hjá stefnda, hafi lagzt veikur hinn 21. ágúst f. á. og verið frá verki til 19. sept. s. á. Meðan Sigurgrímur hafi legið veikur, hafi stefndi sagt honum upp vinnu með mánaðar fyrirvara, eins og áður nefndur samningur aðiljanna tilskilur. Er stefndi hafi síðar gert upp kaupið við nefndan bifreiðarstjóra, hafi hann neitað kaupgreiðslu fyrir 14 veikindadaga, en til hennar telur sækjandi bifreiðarstjórann hafa átt rétt, skv. 2. gr. umrædds sammings, en sú grein hljóðar svo: „Um veikindi vísast til gildandi laga.“ Heldur sækjandi því fram, að með tilvísuninni til gildandi laga sé átt við 41. gr. laga um alþýðutryggingar nr. 74 frá 1937, en ákvæði fyrri málsgreinar þeirrar greinar eru svolátandi: „Fastir starfsmenn skulu aldrei missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd, fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms, en njóta skulu þeir kaupgreiðslu um lengri tíma, ef svo er mælt fyrir í sérstökum lögum, samningum eða venjum í þeirri starfsgrein.“

Stefndi hefur mótmælt framangreindum kröfum sækjanda og krafizt sýknu af þeim. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir gerðardóminum og þess, að allur kostnaður við dóminn verði lagður á sækjanda.

Í fyrsta lagi reisir stefndi sýknukröfuna á því, að honum hafi engin skylda borið til þess, hvorki samkvæmt samningi né venju, að greiða áðurnefndum bifreiðarstjóra nokkurt kaup í veikindaförföllum hans. Í landslögum séu engin almenn ákvæði, sem mæli fyrir um kaupgreiðslu til slíkra starfsmanna, og sé því tilvísun 2. gr. sammings aðiljanna til gildandi laga þýðingarlaus. Heldur stefndi því fram, að ákvæði 41. gr. laga nr. 74 frá 1937 eigi eingöngu við um dagpeningagreiðslur sjúkrasamlaga, en skipti engu í sambandi við þetta mál.

Dá byggir stefndi sýknukröfuna í öðru lagi á því, að fyrrnefndur bifreiðarstjóri hafi gefið fullnaðarkvittanir fyrir kaupum sínum hjá honum, og sé því eigi unnt að heimta nú greiðslu fyrir veikindadaga handa bifreiðarstjóranum.

Það verður að teljast sennilegt, að með tilvísun 2. gr. oftnefnds sammings til gildandi laga, í sambandi við veikindi bifreiðarstjóra, hafi verið átt við 41. gr. laga um alþýðutryggingar, nr. 74 frá 1937, eins og sækjandi heldur fram, og fellst meiri hluti gerðardómsins á þá skoðun hans. Ákvæði 41. gr. er almenns eðlis og snertir einmitt það atriði, kaupgreiðslu í veikindadagaförföllum, sem gera verður ráð fyrir að 2. gr. sammingsins hafi átt að fjalla um, þó að þar sé aðeins talað um veikindi. Þá væri það og mjög óeðlilegt, að tilvísun sammingsgreinarinnar til gildandi laga hefði verið sett alveg út í bláinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar 41. gr. verða vart skilin á aðra leið en þá, að sú lágmarksskylda sé þar lögð á atvinnurekendur, að greiða föstum starfsmönnum sínum fullt kaup fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms eða slyss, en greinin gerir og ráð fyrir, að menn geti átt rétt til kaupgreiðslu um lengri tíma samkv. sérstakri heimild. Sækjandi hefur haldið því fram ómótmælt, að nefndur Sigurgrímur hafi verið búinn að vinna hjá stefnanda að staðaldri ca. 6 ár um það bil, er hann veiktist í ágúst 1939. Verður Sigurgrímur því talinn hafa verið fastur starfsmaður hjá stefnda, og þar honum þá kaup í 14 veikindadaga eftir 2. gr. sammingsins, sbr. 41. gr. áðurnefndra laga.

Er þá eftir að athuga, hvort nefndur bifreiðarstjóri hefur, með framferði sínu, fyrirgert rétti til veikindadagakaupsins. Því til stuðnings hefur stefndi lagt fram 4 kvittanir frá honum, dags. 1. sept., 1. okt., 16. s. m. og 1. nóv. f. á., þar sem hann kvittar fyrir kaupgreiðslum til sín yfir tímabilið frá 1. ág. til 15. okt. s. á., en þann dag lét hann af störfum hjá stefnda. Á kvittunum þessum kemur það fram, að Sigurgrímur hefur ekki fengið greitt kaup fyrir veikindadaga, enda er það viðurkennt af stefnda, en í kvittunum öllum lýsir nefndur bifreiðarstjóri því yfir, að kaup og vinnutími hafi verið í fullu samræmi við kaupgjaldssamning stöðvarinnar (Bifreiðastöðvar Steindórs) við bifreiðastjórafélagið Hreyfil, og hafi hann því engar frekari kröfur að gera á hendur nefndri bifreiðastöð, hvorki fyrir kaup, eftirvinnu, frí eða

neitt annað. En enda þótt umræddar kvittanir séu þannig orðaðar sem fullnaðarkvittanir af hálfu nefnds Sigurgríms og í þeim segi, að kaup hans og kjör hjá stefndum hafi verið í fullu samræmi við áðurnefndan samning aðilja máls þessa, er upplýst, samkvæmt framansögðu, að nefndur bifreiðarstjóri fékk ekki allan þann rétt hjá stefnda, sem honum bar samkv. samningunum. Og þar sem hann hafði ekki, er kvittanirnar voru gefnar, og hefur ekki síðar fengið samþykki stéttarfélags síns, Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils, til þess að gefa eftir gagnvart stefnda nokkuð af þeim rétti, sem umræddur samningur heimilaði honum sem meðlim nefnds félags, lítur meiri hluti gerðardómsins svo á, að umgetnar kvittanir séu ekki bindandi að því leyti fyrir nefndan Sigurgrím eða félag hans, og ber stefnda því að greiða honum hina umkröfðu upphæð kr. 170.00, sem ekki hefur verið mótmælt sérstaklega, ásamt 5% ársvöxtum, er reiknast frá 19. marz s. l. til greiðsludags.

Eftir atvikum og öllum málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir gerðardómi falli niður.

Þá þykir og rétt, að aðiljarnir, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill og Steindór Einarsson, greiði gerðardómskostnaðinn, kr. 150.00 til oddamanns og kr. 100.00 til hvors hinna gerðardómsmannanna, samtals kr. 350.00, að jöfnu, en gagnvart gerðardómsmönnum bera þeir solidariska ábyrgð á greiðslu hans.

Einn gerðardómsmanna, Guðm. Í. Guðmundsson, skrifar undir með þeim fyrirvara, að sýkna beri Steindór Einarsson, þar eð honum beri ekki skylda til að greiða hina umstefndu kröfu, hvorki samkvæmt samningum né venju, enda eigi ákvæði 41. gr. laga nr. 74 frá 1937 ekki við hér, og sé tilvísun 2. gr. samningsins þýðingarlaus. Loks telur Guðmundur, að Sigurgrímur Ólafsson hafi með fullnaðarkvittun sinni fyrirgert öllum rétti til frekari greiðslu frá Steindóri, og séu áðurgreindar kvittanir í alla staði bindandi, enda gefnar eftir að vinnusambandi Steindórs og Sigurgríms var slitið, og sé því útilokað, að um nokkra atvinnurekenda aðstöðu hafi verið að ræða. Að öðru leyti er enginn ágrein- ingur.

Því úrskurðast:

Steindór Einarsson greiði Bifreiðastjórafélaginu Hreyfli vegna Sigurgríms Ólafssonar kr. 170.00 með 5% árs-vöxtum frá 19. marz 1940 til greiðsludags.

Gerðardómskostnaðurinn, kr. 150.00 til oddamanns og kr. 100.00 til hvors hinna gerðardómsmannanna, samtals kr. 350.00, greiði aðiljarnir, Bifreiðastjórafélagið Hreyfill og Steindór Einarsson, að helmingi hvor, en gagnvart gerðardómsmönnum bera þeir solidariska ábyrgð á greiðslu kostnaðarins.

Málskostnaður fyrir gerðardóminum falli niður.

Þriðjudaginn 11. marz 1941.

Nr. 11/1940. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S**
 gegn
Trésmiðafélagi Reykjavíkur.

Varadómari hrm. Jón Ásbjörnsson í stað Kjartans Thors.

Úrskurður.

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. firmans Höjgaard & Schultz A/S gegn Trésmiðafélagi Reykjavíkur með stefnu, dags 11. nóv. 1940, gerir stefnandi þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt fyrir brot á 17. gr. laga nr. 80/1938, að viðurkennt verði, að legið hafi fyrir samningur eða samningsleg aðstaða, sem jafngildi samningi, milli firmans Höjgaard & Schultz A/S og stefnda, í októbermánuði s. l., er stefndi hóf verkfall hjá firmanu, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur fyrir tjón það, er leiddi af nefndu verkfalli stefnda. Og með framhaldsstefnu, dags. 14. janúar s. l., krefst stefnandi þess enn fremur, að stefndi verði dæmdur í sekt fyrir brot á 14. gr. laga nr. 80/1938 og til að greiða skaðabætur fyrir allt það tjón, er nefnt verkfall valdi firmanu Höjgaard & Schultz A/S. Þá hefur stefnandi og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.